

Lege fram á ráðslefnum 9.1.1.  
af Óslanque Ragnars.

UMRÆÐUGRUNDVÖLLUR UM STEFNU OG MARKMIÐ SAMTAKA SEM MIÐA AÐ  
FRAMBODI KVENNALISTA Í BORGARSTJÓRNARKOSNINGUM Í REYKJAVÍK

..... er hreyfing með það að markmiði að vernda rétt þegna  
þjóðfélagsins og jafna kjör þeirra og aðstöðu, þannig að  
hverjum og einum verði búin sem mest og bezt skilyrði til að  
efla þroska sinn, hæfileika og velferð á hverju aldursskeiði.  
Það er annað markmið hreyfingarinnar að dreifa valdi og auka  
virka þátttöku borgaranna í ákvörðunum sem varða heildina og  
þar með þá sjálfa.

Hreyfingin er sprottin af þeirri fullvissu að sjónarmið kvenna,  
grundvölluð á reynslu þeirra og lífsháttum, komist ekki til  
skila, svo sem nauðsynlegt er þjóðfélagsheildinni, vegna þess  
jafnvægisleysis í stjórn þjóðfélagsins sem m.a. kemur fram í  
því að 93.9% kjörinna fulltrúa í byggðastjórnnum á Íslandi eru  
karlar en konur einungis 6.1%. ~~Þessu~~ Þetta misræmi vill  
hreyfingin leiðrétta, þannig að konur komi til móts við karla  
og axli sinn hluta þeirrar ábyrgðar sem felst í stjórn þjóð-  
félagsins.

Þjóðfélag okkar er auðugt eins og sjá má af því að meðal allra  
þjóða heims er Ísland í jafna í hópi tíu efstu þegar þjóðar-  
tekjur á mann eru annars vegar. Því er meira til skiptanna  
hér en víðast gerist og fer ekki á milli mála að Íslendingar  
eru svo vel í stakk búnir sem verða má til að tryggja almenna  
velmegun. Til slíks þjóðfélags verður að gera þá kröfu að vel  
sé búið að öllum þegnum og engan veginn sízt þeim sem minna  
mega sín og hafa ekki burði til beinnar þátttöku í lífsgæða-  
kapphlaupi. Hér er einkum vitnað til barna, unglinga, gamal-  
menna og fatlaðra, en hlutur þessara þjóðfélagshópa hefur

Þessi  
hreyfing  
er afleiðing  
innviðs

W

verið fyrir borð borinn, og vantar stórlega á að séð hafi verið fyrir þörfum þeirra í samræmi við breyttar þjóðfélagsaðstæður.

Þjóðfélagið býður börn ekki velkomin. Aukin þátttaka kvenna í atvinnulífi utan veggja heimilisins og sú staðreynd að í fæstum tilfellum nægir framlag einnar fyrirvinnu til að sjá fjölskyldu farþörða hefur leitt til þess að börn eru orðin til trafala í þjóðfélaginu, sem hefur látið undir höfuð leggja ast að búa þeim viðunandi öryggi og skilyrði til þroska. Átla má að dagvistarþörf sé hvergi nærri fullnægt og sú skoðun er útbreidd að dagvistir sem þegar eru starfræktar gegni ekki sóma- samlega því hlutverki að fóstura börn heldur séu þær fyrst og fremst geymslustofnanir. Þegar börn ná sex ára aldri er þeim úthýst í dagvistum en við tekur einungis hálfrar annarrar klukkustundar umsjá skóla á degi hverjum. Afleiðingin er sú að þúsundir ungra barna eiga í ekkert hús að venda það sem eftir er dags, eða þar til forráðamenn þeirra snúa heim eftir langan vinnudag. Skóladagur fæstra barna er samfelldur og utan skólatíma veitir skólinn ekki athvarf. Skólakerfið í borginni miðast við löngu liðna tíð og þjóðfélagsaðstæður sem eru ekki lengur fyrir hendix. Skóladagheimili koma ekki til móts við þarfir nema mjög takmarkaðs hóps barna og geta einungis tekið við litlum hluta svokallaðra forgangshópa, þ.e. börnum ein- stæðra foreldra. Hér þarf að koma til gagnger breyting á ~~skólakerfinu~~ skólakerfinu og hlutverki skólans, þannig að hann verði í senn uppeldis- og fræðslustofnun er starfi í nánnum tengslum við heimilin, ~~fræðslustofnun~~ en skólahúsnaði mun um leið nýtast miklum mun betur en nú er. Taka þarf til endurskoðunar öll mál er varða velkerð barna og unglinga og er brýnt að samræma starf-

semi þeirra þjóðfélagsstofnana sem hafa áhrif á uppeldi þeirra - heimila, skóla, æskulýðs- og íþróttasamtaka, kirkju og annarra ~~þeirra~~ er láta mig málefni þeirra skipta, en í því sambandi þarf borgin að ganga á undan með því fordæmi að samræma það starf sem fram fer á vegum hennar í þágu þessa aldurshóps.

Svo sem fram kemur í inngangi þessa máls er það markmið hreyfingarinnar að jafna kjör og aðstöðu þegnanna. Einn er sá hópur sem hingað til hefur ekki fengið störf sín metin til jafns við önnur störf í þjóðfélaginu, en það eru þeir sam inna af hendi heimilisstörf. Heimilið og fjölskyldan mynda hornstein þjóðfélagsins. Svo hefur verið um langan aldur og enn sjást ekki merki þess að þar verði breyting á, enda er vandséð að upplausn heimilis og fjölskyldu sem stofnunar í þjóðfélaginu geti verið því til fremdar. Þvert á móti er það álit hreyfingarinnar að styrkja beri innviði heimilis og fjölskyldu en horfast jafnframt í augu við þá staðreynd að fjölskyldugerðin er stöðugum breytingum undirorpin, eins og aðrar stofnanir þjóðfélagsins. Í málefnum fjölskyldunnar hlýtur það að vera brýnasta verkefnið að tryggja hag barna - þ.e. að vernda vöxt og viðgang lífsins. Það er helgasta hlutverk þjóðfélagsins að hlúa að vaxtarbroddi sínum, efla hann og styrkja. Því er það helzta stefnumál hreyfingarinnar að koma í veg fyrir vélræna og staðlaða afgreiðslu á daglegum þörfum þessa viðkvæma aldurshóps, en stuðla heldur að því öryggi hans og því að tekið sé tillit til þarfa einstaklinganna sem eru jafn mismunandi og þeir eru margir. Þessu hlutverki er enginn færari að gegna en heimilið, einkum þegar í hlut eiga mjög ung börn. Með hagsmuni þeirra í fyrirrúmi verður að bæta ræktunarskilyrðin á heimilunum sjálfum og það er ekki gert með því að smala öllu fullorðnu fólki út á vinnumarkað utan heimilis og

vísa ungviðinu sem kann ekki fótum sínum forráð ýmist í ófullnægjandi stofnanir eða út á guð og gaddinn. Reykjavíkurborg stendur að verulegu leyti undir rekstri þeirra stofnana er vista börn hluta úr degi eða daglangt á meðan ~~forráðamenn~~ forráðamenn þeirra fara björg í bú. Fá börn njóta þeirra forréttinda að vistast á heimilum sínum í umsjá sinna nánustu, en með því að mismuna heimilum stuðlar þjóðfélagið beinlínis að því að loka heimilunum ~~fyrir~~ verulegan hluta sólarhringsins fyrir þeim sem þar eru í mörgum tilvikum bezt komnir. Hér er átt við þá mismunun ~~sem~~ að Reykjavíkurborg tekur þátt í því að greiða barnagæzlu utan heimilis en ekki innan þess. Því er það krafa hreyfingarinnar/<sup>að</sup>með hagsmuni barna í fyrirrúmi komi jafnar greiðslur frá hendi hins opinbera fyrir gæzlu þeirra, hvort heldur er heima eða heiman.

Aherzla er á það lögð að með þessari leiðréttingu má ekki fara út á þá braut að draga úr uppbyggingu dagvistarstofnana eða þjónustu við börn þeirra sem eftir sem áður sjá hag sínum ~~maxx~~ og sinna bezt borgið með störfum utan heimilis.

Málefnum aldraðra er svo komið að gera þarf mikið átak svo þeir sem hafa lokið sínu ~~dag~~verki megi verja ævikvöldinu öruggir og við mannsæmandi aðstæður. Vart er of djúpt í árinni tekið þótt því sé haldið fram að málefni þessa aldurshóps séu í ólestri. Elliheimili og langlegustofnanir eru af svo skörnum skammti að til stórvandréða horfir og í þessum efnum getur þjóðfélagið ekki lengur velt af sér ábyrgðinni með því að treysta á brigðular ástæður og/eða hjartagæzlu þeirra sem standa hrumum og jafnvel ósjálfbjarga gamalmennum nærri. Verður að krefjast þess að samfélagið láti öldruðum í té nauðsynlega aðhlynningu og aðbúnað sem þeir eiga skýlausan rétt á þegar þeir eru ekki

lengur færir um að gegna því framleiðsluhlutverki sem er í mest-  
um hávegum haft í þessu þjóðfélagi. Velferð og framtíð þjóðfélags-  
ins velta ekki sízt á því að lögð sé rækt við þau verðmæti sem  
eru fólgin í manneskjunni sjálfri og því að hver þjóðfélagshóp-  
ur njóti þeirrar virðingar sem honum ber, ekki sízt sá sem hefur  
skilað lífsverki sínu og búið í haginn fyrir þá sem eru bjarg-  
álma.

Hreyfingin álítur ~~nað~~ nauðsynlegt að auðvelda roskenndu fólki virka  
þátttöku í atvinnulífinu svo ~~langi sem~~ langt fram eftir aldri  
sem kostur er, m.a. með því að gefa kost á hlutastörfum og sveigj-  
anlegum vinnutíma. Ennfremur að verulegt átak verði gert til að  
auðvelda þessum aldurshópi að dveljast svo lengi á heimilum sín-  
um og/eða með sínum nánustu sem framkvæmanlegt er.

Mál fatlaðra krefjast einnig stórfelldra úrbóta, en þar er sú  
krafa efst á baugi að hverjum og einum sé hjálpað til að hjálpa  
sér sjálfur, þannig að hann geti tekið svo virkan þátt í þjóð-  
lífinu sem verða má. Þörf er á heildarstefnu í atvinnumálum  
fatlaðra og þar eru borgaryfirvöld rétti aðilinn til að hafa þar  
frumkvæði. Áherzla er á það lögð að stuðla að ~~þátttöku~~ <sup>störfum</sup> fatl-  
aðra á venjulegum vinnustöðum, meðal fólks sem ekki ~~er~~ býr við  
fötlun, en þessu til stuðnings er vitnað í niðurstöður könnunar  
á vegum háskólans þar sem fram kom að fatlaðir sjálfir taka  
slíka vinnustaði fram yfir verndaða vinnustaði, sem svo eru  
nefndir.

Reykjavík ber merki þess að þar hafa úreltar hugmyndir um skipu-  
lag erlendra milljónaborga verið um of ríkjandi. Borginni hefur  
verið skipt í skýrt afmörkuð athafnasvæði - hverfi íbúða, iðnaðar-  
stofnana og þjónustu, en með þessu fyrirkomulagi hefur byggðin  
orðið ómanneskjuleg á viðáttumiklum svæðum. Nægir á þessu sam-

bandi að benda á mistök sem seint verða afturtekin, svo sem Múla- hverfi þar sem iðnaður og verzlun ráða ríkjum og svefnbyggðina miklu í Breiðholti. Þeirri meginstefnu verði fylgt í skipulags- málum að byggðin sé blönduð, þ.e. að atvinnufyrirtæki, íbúðir, skólar og þjónustustofnanir séu í sem nánustum tengslum þar sem það á við, en með því móti má draga verulega úr fjarlægð milli staða sem einstaklingarnir sækja til í daglegu lífi sínu. Með þessari stefnu er sótt eftir nálægð og hæfilegri stærð eininga í umhverfinu, en gert er ráð fyrir því að slíkar aðstæður hafi betu daglegu lífi manna en umhverfi sem er mikið umfangs og hrikalegt í sniðum.

Húsnæðismál hafa í vaxandi mæli orðið eitt helzta viðfangsefni Islendinga á því skeiði er þeir mega teljast í blóma lífsins. Þótt þorri fólks búi í eigin húsnæði getur slíkt fyrirkomulag verið of dýru verði keypt, ef beztu ár ævinnar eiga að fara í þrotáust strit til að ná þeim sjálfsögðu mannréttindum að hafa þak yfir höfuðið. Það er ekki á valdsviði borgarstjórnar í Reykjavík að gjörbreyta stefnu landsmanna í húsnæðis- og peninga- málum, en borgarstjórn á að beita sér fyrir því ~~þ~~ svo sem kostur er að borgarbúum verði gert hægara um vik að koma sér upp hús- næði til einkaafnota. Má í þessu sambandi benda á starfsemi ~~byggisamfélaga~~ bygginasamvinnufélaga sem mörg hver hafa getað boðið mun viðráðanlegri kjör en tíðkæpt hafa á almennum fast- eignamarkaði. Því skal það sjónarmið lagt til grundvallar við lóðauðhlutun í borgarlandinu að þar gangi fyrir ~~þ~~ aðilar sem vegna hagsýni og hagkvæmra vinnubragða geta boðið húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Leitað verði nýrra leiða í gerð íbúða- húsnæðis sem sniðið verði að þörfum annarra heimilisgerða en þeirrar sem hin svonefnda kjarnafjölskylda myndar. Í húsnæðis-

að íbúum Reykjavíkur sé tryggt lágmarksöryggi án þess að til þurfi að koma óhóflegt álag, en þess verði jafnframt gætt að opinber fyrirgreiðsla sé ekki misnotuð, þannig t.d. að unnt sé að eignast húsnæði með sérstökum kjörum til annars en einkaafnata.

Aukin áhrif borgaranna á ákvarðanir í málefnum Reykjavíkur eru nauðsynleg og þer að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um meiri-háttar mál. Borgarstjórn á að hafa frumkvæði að beinum afskiptum borgarbúa af málum sem snerta þá sjálfa og nánasta umhverfi þeirra. Í þessu skyni skal efla starfsemi þeirra samtaka íbúa í einstökum hverfum sem þegar eru starfandi og stuðla að stofnun nýrra. Gefur augaleið að slík samvinna stjórnar borgarinnar og umbjóðenda hennar verður ómetanleg báðum aðilum. Áhrif, réttindi og skyldur íbúasamtaka verði tryggð með reglusetningu í borgarstjórn.

Til þess að auðvelda borgurunum virka þátttöku að þessu leyti þarf að bæta upplýsingaþjónustu um starfsemi borgarinnar og félagslega aðstöðu í hverfunum sjálfum. Þar sem fjallað er um skólamál hér að framan er gert ráð fyrir bættri nýtingu skólahúsnæðis, en það ætti ekki síður að vera kjörið fyrir félagsstarf borgaranna almennt en barna og unglinga.

Stefnumótun borgaryfirvalda hefur tíðum mótast af ófullkomnum upplýsingum, ónógri yfirsýn og óvissu varðandi fjármagn. Afleiðingar slíkra stjórnarháttanna hafa tilhneigingu til að verða ringulreið og léleg nýting þess fjár sem til er kostað. Körfur um bætta þjónustu á flestum sviðum eru í of ríkum mæli byggðar á hæpnum forsendum, og má í því sambandi benda á dæmi frá því í haust, en þá fregnaðist skyndilega um öngþveiti í húsnæðismálum í Reykjavík. Í opinberri umræðu var því haldið fram um hrið að vegna ónógs framboðs á leiguhúsnæði væru þúsundir manna á götunni og ~~þá~~

voru ýmsar ráðagerðir uppi um ~~þá~~ lausn vandamálsins. Seint og um síðir var ákvörðun tekin um að láta fara fram könnun á húsnæðis-eklunni, áður en lengra væri haldið, en niðurstöður kennar leidd í ljós að í borginni var hvorki meira né minna húsnæðisleysi en jafnan á þessum árstíma, þegar skólar eru að hefjast og fjölmenn hópar eru að flytja sig á milli landshluta.

Hér er tekið eitt dæmi, en það varpar ljósi á þá þörf að borgarstjórnin hafi skýra mynd af þeim málum sem hún fæst við. Því er lagt til að úttekt á einstökum málaflokkum og ýtarlegar upplýsinar um meginþætti liggi fyrir áður en lagt er í framkvæmdir, til að tryggja skynsamlega nýtingu fjármagns. Aukinnar hagkvæmdir verði gætt í rekstri borgarinnar og framkvæmdum hennar, og horfið verði af þeirri braut að láta sífellt stærri hluta af fjármunum borgarinnar renna til daglegs reksturs, en nú er skiptingin sú að 80% ~~XXXXX~~ fara í daglegan rekstur en einungis 20% í framkvæmdir.

Það er upphaf þessarar hreyfingar að konur hafa ekki áhrif og ákvörðunarvald í málefnum heildarinnar til jafns við karla. Í stjórnnum bæja, borgar og sveita eru karlar 93.9% kjörinna fulltrúa en konur 6.1%. Í stjórnnum, nefndum og ráðum ~~ríkisráðgjafar~~ sömu stofnana eru karlar 78.9% en konur 21.1%. Á Alþingi Íslendinga eru karlar 95% en konur 5%. Í þingnefndum eru karlar 97.5% en konur 2.5%, en í stjórnnum, ~~og~~ nefndum og ráðum ríkisins, kosnum af Alþingi, eru karlar 93.9% og konur 6.1%. Þessar staðreyndir tala sínu máli og þarf þetta að leiða mörg rök að því að þetta ástand er óeðlilegt og óviðunandi. Ástandið í byggðastjórnnum og á Alþingi endurspeglar ástandið í þjóðfélagi yfirleitt, eins og sjá má af því að þrátt fyrir það að um 86% gíftra kvenna starfi utan heimilis að einhverju leyti náðu einungis 3% þeirra meðaltekjum árið 1979, en nýrri tölur liggja ekk

fyrir. Um leið og þessar tölur tala sínu máli er samt ótalin önnur staðreynd, s.s. að ~~hæ~~ starfið á heimilunum er ekki og hefur aldrei verið metið til fjár.

Hreyfingin stefnir að því að mannvernd ~~og~~ verði látin sitja í fyrirrúmi í þjóðfélaginu, en forsenda hennar er jafnrétti, jafnvægi og stöðugleiki. Til þess að þessum markmiðum verði náð verður ekki lengur hjá því komizt að konur sem sakir eiginleika sinna og þjóðfélagslegra aðstæðna hafa meira af vandamálum ~~heim~~ heimila og einstaklinga að segja en karlar hafi bein áhrif í þjófélaginu til jafns við karla.

~~Þessi þróun hefur verið áberandi og hefur leitt til þess að konur hafa fengið meiri áhrif á stjórnsýslu og stjórnmálum en áður.~~ Í kosningum til byggðastjórna 1978 fjölgaði konum í þessum stofnunum um 2.4%. Með sama áframhaldi yrðu hlutföll milli karla og kvenna í þessum áhrifastöðum orðin nokkurn veginn jöfn árið 2051. Það er skoðun hreyfingarinnar að þjóðfélagið megi ekki við því að bíða svo lengi eftir því að reynsla kvenna, viðhorf þeirra og ábyrgð í starfi þessara þjóðfélagsstofnana ~~skili~~ skili sér beint á þeim vettvangi til heilla fyrir samfélagið allt. Því er sú leið farin að bjóða fram lista, sem einvörðungi er skipaður konum, til að vinna að framangreindum markmiðum í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík vorið 1982. Framboð listans er tilraun til að koma á jafnvægi og sjá til þess að hlutur kvenna í valdastofnunum þjóðfélagsins verði réttur í samræmi við ábyrgð þeirra og ætlunarverk.